

**36. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
15. nóvember 2016 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Heiðrún Hámundardóttir varamaður, Hörður Ó. Helgason varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1611081 - Bókasafn Akraness, útlán 2016

Halldóra Jónsdóttir kynnr þróun í útlánum Bókasafns Akraness á undanförunum árum.

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður, kynnti þróun á útlánum Bókasafns Akraness á undanförunum árum. Hún lýsti yfir áhyggjum af þróun útlána á árinu 2016 en útlán eru á niðurléið. Svipaða þróun má sjá hjá öðrum bókasöfnum á landinu. Nefndin telur að það þurfi að leggja aukna áherslu á samvinnu við ungu kynslóðina og hvetja til notkunar á sjálfsafgreiðsluvél.

2. 1511349 - Menningarmál - starfsáætlun 2016

Ræddar verða mögulegar breytingar frá upphaflegum áætlunum ársins 2016 á ráðstöfun fjármuna milli viðburða á vegum nefndarinnar.

Menningar- og safnanefnd ákvað að ráðstafa fjármunum milli viðburða á vegum nefndarinnar með öðrum hætti en upphaflega stóð til. Fjárveitingu til reglubundinna árlegra viðburða verður ráðstafað til tilraunaverkefnisins Leitin að jólasveininum í Garðalundi.

Ef vel tekst til mun nefndin skoða að gera samning til þriggja ára við framkvæmdaraðila verkefnisins með það að leiðarljósi að verkefnið beri sig sjálft að þeim tíma liðnum.

Viðburðinum Jólatræsskemmtun á Akratorgi verður breytt með þeim hætti að hann mun fara fram á skólatíma. Leikskólum og yngstu bekkjum grunnskólanna verður boðið að koma og taka þátt í tendrun ljósa jólatrésins. Viðburðurinn verður unninn í samvinnu við leikskólastjóra og skólustjóra grunnskólanna. Nefndin hvetur alla bæjarbúa sem tók hafa á að taka þátt.

Forstöðumanni menningar- og safnamála er falið að kynna breytingarnar.

3. 1609009 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2017

Drög að starfsáætlun Menningar- og safnefndar 2017 verða lögð fram.

Forstöðumaður lagði fram starfsáætlun menningar- og safnamála fyrir 2017. Áætlunin var uppfærð og forstöðumanni falið að skila henni til bæjarráðs þegar

lokaupplýsingar liggja fyrir.

4. 1609010 - Vökudagar 2016

Forstöðumaður kynnir stutta samantekt á nýafstöðnum Vökudögum.

Almenn ánægja var meðal nefndarmanna með hvernig til tókst. Nefndin þakkar forstöðumanni fyrir vel unnin störf, þeim sem lögðu sitt af mörkum og bæjarbúum fyrir góða þátttöku.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:33.

Jóhanna Þ. Þorvaldsson
Helga K. Þjörngölfsson
Hilmar Hilmundsson
Hilmar O. Helgason
Jónella Sigurðonsdóttir
Guðrún Þ. Guðrúnsson
Elfa María Gunnarsd.